

SAMÞYKKT

um verndun trjáa á Akureyri.

1. gr.

Umhverfissráð Akureyrar, sem fer með málefni byggingarnefndar samkvæmt 57. gr. samþykktar um stjórn Akureyrarbæjar, annast mál samkvæmt samþykkt þessari undir yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar og í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eftir því sem við á, umhverfissráð getur falið verkefnastjóra umhverfismála fullnaðarafgreiðslu ákveðinna mála sbr. þó 2. mgr. 4. gr., og fer þá um meðferð þeirra eftir samþykkt þessari.

2. gr.

Samþykkt þessi tekur til allra trjáa á Akureyri, sem eru 8 m á hæð eða eldri en 60 ára. Við gerð aðal- og deiliskipulags getur umhverfissráð lagt til að trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis njóti hverfisverndar án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Ákvæði samþykktar þessarar víkja fyrir strangari ákvæðum, sem sett eru í deiliskipulagi einstakra reita eða bæjarhverfa.

3. gr.

Óheimilt er að fella tré samkv. 2. gr. nema með leyfi verkefnastjóra eða eftir atvikum umhverfissráðs.

Umsókn um leyfi til að fella tré skal beint til umhverfisdeildar. Verkefnastjóri getur gert kröfu um að umsækjandi leggi fram með umsókn sinni afstöðumynd, ljósmyndir og/eða greinargerð eftir því sem þörf er á.

Ekki geta aðrir en eigendur trjáa fengið leyfi til að fella þau. Sé um að ræða tré á lóð fjöleignarhúss skal fylgja umsókn skriflegt samþykki a.m.k. 2/3 hluta þinglýstra eigenda, bæði miðað við fjölda og hlutdeild í lóð, sbr. B-lið 41. gr. laga um fjöleignarhús.

4. gr.

Verkefnastjóri skal rökstyðja afgreiðslu sína á umsóknum samkv. 3. gr. innan 5 daga frá því að umsókn berst.

Nú synjar verkefnastjóri leyfisumsókn og skal athygli umsækjanda þá vakin á því, að hann getur skotið máli sínu til umhverfissráðs. Umhverfissráð skal þá taka umsóknina ásamt greinargerð verkefnastjóra til formlegrar afgreiðslu.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, staðfestist hér með samkv. 6. mgr. 37. gr. sömu laga til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um verndun trjáa á Akureyri nr. 445/2001.

Umhverfissráðuneytinu, 29. maí 2002.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.